

Strætó bs.
Árshlutareikningur 30. september 2021

Strætó bs.
Hesthás 14
110 Reykjavík
Kt. 500501-3160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

Óendurskoðaður árshlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til september 2021 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Tap af rekstri á tímabilinu nam 139 m.kr., samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 3.362 m.kr. í lok tímabils. Eigið fé nam 1.143 m.kr. og er eiginfjárlutfall 34%. Handbært fé nam 513 m.kr.

Í upphafi ársins sem og í lok tímabils voru eigendur byggðasamlagsins sex, en þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins. Fargjaldasala drógst verulega saman 2020 en hefur aukist lítillega síðustu mánuði tímabilsins. Fargjaldasala ræðst nokkuð af stöðu faraldurs og þeim samkomutakmörkunum sem til staðar eru í þjóðfélaginu. Sjóðsstaða er góð, en vegna þeirrar óvissa sem ríkir hefur fengist heimild frá eigendum um töku skammtímalánsfjármögnunar allt að 300 m.kr. Einnig hefur verið veitt heimild fyrir lántöku upp á 400 m.kr. til fjárfestinga í nýjum vögnum, en vagnfloti er orðinn gamall og brýnt að farið verði sem fyrst í endurnýjun.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur Strætó bs. í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning Strætó bs. fyrir tímabilið janúar til september 2021 með undirritun sinni.

Rekjavík, 19.nóvember 2021.

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur 1.janúar til 30. september 2021

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020	1.1-30.9 2021
Rekstrartekjur				
Fargjöld	15	1.436.202	1.410.886	1.509.679
Rekstrarframlög eignaraðila		3.043.987	2.869.363	3.043.988
Ríkisframlag	28	799.500	675.000	1.350.000
Pant akstursþjónusta.....	16	937.729	1.055.812	1.193.723
Aðrar tekjur	17	232.580	183.431	197.218
Rekstrartekjur samtals		<u>6.449.999</u>	<u>6.194.492</u>	<u>7.294.608</u>
Rekstrargjöld				
Rekstrarsvið.....	19	4.840.563	4.504.470	4.971.888
Samrekstur.....	20	580.720	576.407	641.722
Pant akstursþjónusta.....	16	937.729	1.055.811	1.193.723
Rekstrargjöld samtals		<u>6.359.013</u>	<u>6.136.688</u>	<u>6.807.332</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....		<u>90.986</u>	<u>57.804</u>	<u>487.276</u>
Afskriftir	21	175.992	188.900	191.250
Rekstrarniðurstaða.....		<u>(85.006)</u>	<u>(131.096)</u>	<u>296.026</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur.....		229	1.365	6.017
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(54.606)	(50.174)	(52.501)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>(54.377)</u>	<u>(48.809)</u>	<u>(46.485)</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>(139.382)</u>	<u>(179.905)</u>	<u>249.541</u>

Efnahagsreikningur 30.september 2021

	Skýr.	30.9 2021	31.12 2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir fastafjármunir:	6,21		
Strætisvagnar og önnur ökutæki		1.411.412	1.557.367
Innréttingar, áhöld og tæki.....		67.599	57.349
Hugbúnaður.....		250.155	148.758
		<u>1.729.166</u>	<u>1.763.474</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður	7	649.036	669.948
		<u>649.036</u>	<u>669.948</u>
		Fastafjármunir samtals	2.433.423
		<u>2.378.202</u>	<u>2.433.423</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	9,22	95.201	100.996
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	23	76.126	95.074
Kröfur á tengda aðila.....	29	201.554	133.972
Næsta árs gjaldfærsla - Brú lífeyrissjóður.....	7	27.883	27.883
Aðrar skammtímakröfur	24	69.472	48.938
Handbært fé.....	11	513.477	376.515
		<u>983.714</u>	<u>783.379</u>
		Veltufjármunir samtals	3.216.801
		<u>3.361.916</u>	<u>3.216.801</u>
		Eignir samtals	3.216.801
		<u>3.361.916</u>	<u>3.216.801</u>

Efnahagsreikningur 30. september 2021

	Skýr.	30.9 2021	31.12 2020
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018	900.018
Óráðstafað eigið fé		243.283	382.665
Eigið fé samtals	26	<u>1.143.301</u>	<u>1.282.683</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		1.051.535	1.036.435
Næsta árs afborganir.....		(40.072)	(38.515)
Langtímaskuldir samtals	12,27	<u>1.011.464</u>	<u>997.920</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....		656.686	491.716
Fyrirfram innheimtar tekjur		75.000	0
Næsta árs afborganir langtímalána.....	12,27	40.072	38.515
Aðrar skammtímaskuldir	25	435.393	405.967
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.207.151</u>	<u>936.198</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.218.615</u>	<u>1.934.118</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.361.916</u>	<u>3.216.801</u>

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. september 2021

	Skýr.	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða		(139.382)	(179.905)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	21	175.992	192.528
Verðbætur og gengismunur.....	4	34.522	26.534
		<u>71.131</u>	<u>39.157</u>
		Veltufé (til) frá rekstri	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		5.795	(1.189)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(69.168)	139.106
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		269.396	131.014
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Isj, breyting.....		20.912	20.912
		<u>226.935</u>	<u>289.843</u>
		Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	
		<u>298.066</u>	<u>329.000</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	21	(141.683)	(140.494)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		0	226
		<u>(141.683)</u>	<u>(140.268)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána.....	27	(19.421)	(7.661)
		<u>(19.421)</u>	<u>(7.661)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		136.962	181.071
Handbært fé í ársbyrjun		<u>376.515</u>	<u>377.133</u>
Handbært fé í lok árs		<u>513.477</u>	<u>558.204</u>

Skýringar með árshlutareikningi

1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Árshlutareikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og fyrra tímabil.

Reikningsskilaaðferðir

3. Innlaun tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekjna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

4. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

5. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Strætisvagnar og önnur ökutæki	10-13 ár
Innréttingar, áhöld og tæki	3-10 ár
Hugbúnaður	3 ár

7. Langtímakrafa - lífeyrissjóður

Langtímakrafa er vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, sem skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærast á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærast á 20 árum.

Skýringar með árshlutareikningi

8. Niðurfærsla krafna

Útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í árshlutareikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

9. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

11. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti árshlutareikningi og er birt í rekstrarreikningi.

14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

15. Fargjöld

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Fargjöld greidd af farþegum	1.081.898	1.096.902
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	100.304	85.984
Niðurgreiðsla nemakorta	254.000	228.000
	<u>1.436.202</u>	<u>1.410.886</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

16. Pant akstursþjónusta

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga	880.887	1.010.232
Fargjöld notenda	56.842	45.580
	<u>937.729</u>	<u>1.055.812</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur	936.441	1.051.363
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri	1.288	4.448
	<u>937.729</u>	<u>1.055.811</u>

Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

Skýringar með árshlutareikningi

17. Aðrar tekjur

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Þóknun - Pant akstursþjónusta	127.905	89.176
Þóknun - landsbyggðin	75.798	72.487
Aðrar tekjur	28.877	21.767
	<u>232.580</u>	<u>183.431</u>

18. Laun og launatengd gjöld

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Laun	1.692.997	1.611.697
Mótframlag í lífeyrissjóð	218.095	206.973
Tryggingagjald	116.123	115.309
Önnur launatengd gjöld	36.464	34.952
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	20.912	20.912
	<u>2.084.592</u>	<u>1.989.844</u>

19. Rekstrarsvið

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Laun og launatengd gjöld	1.698.096	1.612.585
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	17.208	17.127
Aðkeyptur akstur	2.439.867	2.162.362
Annar rekstrarkostnaður	587.361	610.503
Húsnæðiskostnaður	98.031	101.893
	<u>4.840.563</u>	<u>4.504.470</u>

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

20. Samrekstur

	1.1-30.9 2021	1.1-30.9 2020
Laun og launatengd gjöld	364.295	351.898
Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs	3.705	3.785
Annar rekstrarkostnaður	212.720	220.724
	<u>580.720</u>	<u>576.407</u>

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	3.612.845	338.198	235.102	4.186.145
Afskrifað áður	(2.055.478)	(280.849)	(86.343)	(2.422.670)
Bókfært verð 1.1 2021	1.557.367	57.349	148.758	1.763.474
Viðbót	0	32.584	109.099	141.683
Afskrift	(145.955)	(22.334)	(7.702)	(175.992)
Bókfært verð 30.09.2021	1.411.412	67.599	250.155	1.729.166
Afskriftahlutföll	8-13%	10-33%	33%	

Skýringar með árshlutareikningi

22. Birgðir

	30.09.21	31.12.20
Olía	8.104	6.635
Varahlutir	97.098	104.361
Niðurfærsla birgða	(10.000)	(10.000)
	<u>95.201</u>	<u>100.996</u>

23. Viðskiptakröfur

	30.09.21	31.12.20
Viðskiptamenn	80.500	64.912
Viðskiptamenn - Pant akstursþjónusta	14.789	16.793
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	5.237	37.769
Varúðarfærsla viðskiptakrafna	(24.400)	(24.400)
	<u>76.126</u>	<u>95.074</u>

24. Aðrar skammtímakröfur

	30.09.21	31.12.20
Fyrirframgreiddur kostnaður	64.506	34.774
Endurgreiðsla virðisaukaskatts	4.967	14.164
	<u>69.472</u>	<u>48.938</u>

25. Aðrar skammtímaskuldir

	30.09.21	31.12.20
Áunnið ógreitt orlof	182.035	179.826
Ógreidd laun og launatengd gjöld	165.977	146.138
Aðrar skammtímaskuldir	87.381	80.003
	<u>435.393</u>	<u>405.967</u>

26. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	900.018	382.665	1.282.683
Rekstrarniðurstaða ársins		(139.382)	(139.382)
Staða 30.09 2021	<u>900.018</u>	<u>243.283</u>	<u>1.143.301</u>

	Eignarhlutur			
Garðabær	6,24%	56.161	15.181	71.342
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%	112.502	30.410	142.913
Kópavogsbær.....	14,60%	131.403	35.519	166.922
Mosfellsbær	4,07%	36.631	9.902	46.532
Reykjavíkurborg.....	60,30%	542.711	146.700	689.411
Seltjarnarnesbær.....	2,29%	20.610	5.571	26.182
	100,00%	<u>900.018</u>	<u>243.283</u>	<u>1.143.301</u>

Skýringar með árshlutareikningi

27. Langtímaskuldir

	Vextir	30.09.21
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt	2,50-2,57%	1.051.535
		<u>1.051.535</u>
Afborganir langtímaskulda á næstu árum:		
01.10.2021-30.09.2022		40.072
01.10.2022-30.09.2023		40.556
01.10.2023-30.09.2024		41.012
01.10.2024-30.09.2025		41.479
Síðar		888.417
		<u>1.051.535</u>

28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði máli á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Nokkrir rammasamningshafar í Pant akstursþjónustu hafa kært Strætó bs. til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó bs. væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda.

Í febrúar 2019, barst Strætó bs. stefnur frá tveimur rammasamningshöfum sem telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar. Strætó hefur falið lögmanni sínum að taka til varna.